

Skelettet

Höfundur texta: Malin Klingenberg (Finnlandi)
Höfundur mynda: Maria Sann (Finnlandi)
Schildts & Söderströms, 2022

Tilnefnd til barna- og unglingabókaverðlauna
Norðurlandaráðs 2024

Söguþráður: Teo er í kanínubúningi á leið í afmælisveislu. Olivia og Alvi vinir hans eru klædd eins og vélmenni og hestur. Þegar Teo fer á klósettið sér hann sjálflysandi beinagrind og verður hræddur. Teo hleypur út og upp stiga en gleymir því að hann er í kanínufótum. Hann rennur til, dettur og handleggsbrotnar. Læknirinn segir Teo að hann sé sjálfur með beinagrind og að hún hafi brotnað. Fyrst verður Teo hræddur og reiður út í beinagrindina en svo verður hann forvitinn. Líður beinagrindinni vel inni í líkamanum hans? Svitnar beinagrindin þegar hann hleypur? Og á hún eftir að sakna hans þegar hann deyr?

Efnisorð: líkaminn, hræðsla, kvíði, ímyndunarafl, læknisheimsókn, veisla


Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu bókarkápana, hvort líst þér betur á kanínuna eða beinagrindina? Finnst þér gaman að fara í grímubúning? Hvernig grímubúning finnst þér gaman að fara í?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu myndina á bókarkápunni. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvað heldur þú að beinagrind sé? Höfum við öll séð beinagrind? Hefur þú séð beinagrind?
3. Teo er hjá læknum. Hefur þú farið til læknis? Segðu frá því sem gerðist. Hvernig fannst þér það?
4. Skoðaðu myndirnar, hvað finnurðu margar beinagrindur og hausjúpur í bókinni?
5. Hvað hræðistu? Skoðaðu titilsíðuna, í hvaða leikjum er hægt að reka sig á?



6. Hvernig hreyfir beinagrind sig? Sýndu það!

7. Komdu við höndina á þér, finnurðu fyrir beinunum?

8. Teiknaðu höndina þína á blað.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Hefur þú farið á grímuball? Finnst þér gaman að fara á grímuball? Hvernig grímubúning finnst þér gaman að fara í? eru til ógnvekjandi grímubúningar?
2. Hvað gerist ef þú slekkur ljósið og skoðar bókarkápana í dimmu herbergi, eins og í bókinni? Hvað sérðu?
3. Er hægt að losna undan beinagrindinni sinni? Hvernig heldurðu að það væri ef þú værir ekki með neina beinagrind?
4. Finndu myndir af ýmis konar beinagrindum úr dýrum. Er hægt að þekkja dýr á beinagrindinni?
5. Teo eignast bráðum lítið systkini. Heldur þú að litla barnið í maganum á mömmu hans sé með beinagrind? Hvað heldurðu að litla barnið sjái? Heyrir litla barnið, finnur það fyrir einhverju eða getur það orðið hrætt?
6. Skoðaðu myndina af Teo á sjúkrahúsinu. Hvernig heldurðu að honum líði?
7. Teiknaðu beinagrind úr manneskju eða dýri á hvítt blað, klipptu hana út og límdu hana á svart blað.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Hvernig heldurðu að Teo hafi liðið fyrst hann var hræddur við beinagrindarbúninginn þegar honum var sagt að hann væri sjálfur með beinagrind inni í sér?

3. Hvað verður um beinagrindina okkar þegar við deyjum?

4. Berðu titilblaðið saman við upphaf og lok bókarinnar. Hvaða hugsanir vekur það hjá þér?

5. Veistu um dýr sem eru ekki með beinagrind? Kynntu þér það og skrifaðu lista.

6. Skoðaðu myndina af Teo á safninu. Hvaða dýr eru ekki með beinagrind?

7. Skrifaðu hæku um beinagrindina þína.

8. Hvaða mismunandi aðferðir eru til að lækna fót-brot? Hvað tekur langan tíma fyrir fótinn að gróa? Kynntu þér það!

9. Hvað veistu um beinagrind manneskjunnar? Kynntu þér fimm staðreyndir um beinagrind manneskjunnar og skrifaðu staðreyndalista.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Vi är Lajon! Höfundur texta: Jens Mattson. Höfundur mynda: Jenny Lucander
Skrímsli í vanda. Höfundar texta: Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal.
Höfundur mynda: Áslaug Jónsdóttir.

Sorsa Aaltonen ja lentämisen oireet. Höfundur texta: Veera Salmi. Höfundur mynda: Matti Pikkujämsä.

MÁLAMOLI

"Beinagrind"

sænska

Skelett

danska

Skelet

norska

Skjelett

íslenska

Beinagrind

færeyska

Beinagrind

grænlandska

Saanikuliaq

finnska

Luuranko

norðursamíska

Dákkeriggi



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)